

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 16. október 2024

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hversu miklu fé hefur verið varið í endurbætur á húsnæði leikskólans Laugasól í Reykjavík?

Flokkur fólksins spyr einnig hvort ekki hafi verið hægt að sjá og meta burðarstyrk í jarðvegi og undirstöðum áður en ráðist var í framkvæmdirnar?

Greinargerð

Ekki er öll vitleysan eins en vandinn er bara að svona mál eru ekki ný af nálinni í borgarkerfinu. Dæmi eru um að offjár er eytt í endurgerð á ónýtum húsum.

Endurbætur sem hér um ræðir hófust í sumar. Til stóð að reisa viðbyggingu, stækka kjallara og fara í aðrar viðgerðir. Við nánari skoðun á byggingunni, jarðvegi og burði kemur í ljós að húsið er kannski ekki í því standi sem gert var ráð fyrir. Þetta er hús sem var byggt 1965. Það virðist vera að það sé ekki mikill burður í jarðveginum né heldur undirstöðunum. Hafa framkvæmdir því verið stöðvaðar á meðan beðið er eftir úttekt. Hvað skyldi vera búið að eyða miklum fjármunum í að gera við ónýtt hús og eitthvað kostar úttektin. Nærri 150 börn eru í leikskólanum. Framkvæmdirnar hafa þó ekki áhrif á öll börnin því hluti þeirra er í öðru húsnæði sem er á samtengdri lóð. Þá hefur leikskólinn fengið aðstöðu í bráðabirgðahúsnæði við Safamýri.